

Starfsleyfi

Sagaplast ehf., Réttarhvammi 3, Akureyri

Gefið út af Hollustuvernd ríkisins í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

1. ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir móttöku, flokkun, þökkun og meðhöndlun spilliefna. Leyfið takmarkast við athafnasvæði Endurvinnslunnar hf. og Sagaplasts ehf. að Réttarhvammi 3 og móttöku á allt að 500 tonnum af spilliefnum á ári.
- 1.2 Rekstur fyrirtækisins skal vera í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og gildandi reglugerða.
- 1.3 Frágangur lóðarinnar skal vera snyrtilegur og í samræmi við kröfur heilbrigðisnefndar.
- 1.4 Sá hluti af athafnasvæði fyrirtækisins þar sem spilliefni eru geymd skal vera girtur með öryggisgirðingu. Hlið á girðingunni skulu vera læst utan afgreiðslutíma fyrirtækisins. Við fyrirtækið skal vera skilti með greinilegri áletrun um afgreiðslutíma spilliefnamóttökunnar.
- 1.5 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.6 Um notkun og meðferð hættulegra efna fer samkvæmt reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð hættulegra efna.
- 1.7 Áformi Sagaplast ehf. að gera umtalsverðar breytingar á rekstri, að mati Hollustuverndar ríkisins, skal sækja um nýtt starfsleyfi áður en framkvæmdir hefjast.
- 1.8 Verði vart ófyrirséðrar mengunar frá atvinnurekstrinum, ber Sagaplasti ehf. að hindra áframhaldandi útstreymi og dreifingu mengunarefna og standa straum af kostnaði sem hlýst af hreinsun.
- 1.9 Komi fram skaðleg áhrif á umhverfi Sagaplasts ehf. eða hætta sem ekki var áður ljós, skal Hollustuvernd ríkisins, að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis eystra, halda fund með Sagaplasti ehf. og leita leiða til úrbóta. Í framhaldi að slíkum umræðum skal starfsleyfi endurskoðað ef þörf er á.
- 1.10 Hætti Sagaplast ehf. starfsemi á gildistíma starfsleyfis þessa skal fyrirtækið skila spilliefnum og úrgangi til þar til bærna aðila, fjarlægja hættuleg efni og ganga frá lóð, efnum, tækjum og búnaði sem tengjast starfsemi í samræmi við kröfur Hollustuverndar ríkisins. Sama gildir er gildistíma starfsleyfisins lýkur, verði það ekki framlengt eða það fellt úr gildi.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

- 2.1 Fráveita frá plönum þar sem spilliefni eru meðhöndluð eða geymd skal vera útbúin þannig að hægt sé að loka fyrir frárennslið ef þörf krefur og veita því í neyðarþró.
- 2.2 Olúskilja skal tæmd eftir þörfum, en þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári.
- 2.3 Allri meðferð spilliefna skal hagað þannig að tryggt sé að spilliefni berist ekki í fráveitu.
- 2.4 Dregið skal úr loftmengun með notkun viðeigandi umbúða og þess gætt að ílát standi ekki opin að óþörfu.
- 2.5 Jafnan skulu vera til reiðu búnaður og efni til hreinsunar spilliefna sem kunna að leka út eða misfarast, t.d. ídræg efni til hreinsunar á vökvum.
- 2.6 Ávallt skal leitast við að halda magni spilliefna á athafnasvæði fyrirtækisins í lágmarki. Spilliefni skulu send til förgunar eða endurvinnslu við fyrsta hentuga tækifæri.
- 2.7 Sagaplast ehf. skal leitast við að draga úr hávaða frá starfseminni, og tryggja að hávaði sé í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða.
- 2.8 Um flutning spilliefna fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 53/1998 um flutning á hættulegum farmi og reglugerðar nr. 139/1995 um starfsþjálfun stjórnenda ökutækja sem flytja tiltekinn hættulegan farm. Nánari ákvæði um flutning spilliefna koma fram í starfsleyfisskilyrðum útgefnum af Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra.

3. STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ

- 3.1 Sagaplast ehf. skal kappkosta að draga sem mest úr því álagi sem fyrirtækið veldur með starfsháttum sínum. Verklagslýsingar skulu vera til um eftirfarandi þætti starfseminnar:
 - Móttöku, meðhöndlun og geymslu spilliefna
 - Umgegni um búnað, þ.m.t. hreinsun á tækjum og umbúðum
 - Eftirlit með mengunarvarnabúnaði
 - Þjálfun nýrra stafsmanna
- 3.2 Áætlun skal jafnan vera tiltæk um viðbrögð við óhöppum sem kunna að verða
- 3.3 Við móttöku og meðhöndlun spilliefna skulu einungis starfa starfsmenn sem fengið hafa til þess þjálfun.
- 3.4 Sagaplast ehf. setji sér umhverfismarkmið og starfi samkvæmt þeim. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:1996 eða þáttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 321/1996, eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

4. EFTIRLIT MEÐ REKSTRI OG UPPLÝSINGAGJÖF

- 4.1 Upplýsingar er lúta að eftirliti með fyrirtækinu skal skrá með skipulögðum og aðgengilegum hætti þar með talið:

- a) Magn og gerð spilliefna og annars úrgangs sem tekið er á móti og sendur er frá fyrirtækinu.
 - b) Upplýsingar um uppruna úrgangsins og hvert hann er sendur.
 - c) Upplýsingar um magn úrgangs sem meðhöndlaður er innan fyrirtækisins.
 - d) Öll mengunaróhöpp.
- 4.2 Skráðar upplýsingar skulu jafnan vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila. Upplýsingar um úrgang, sbr. grein 4.1, tímabilið 1. janúar til 31. desember, skulu sendar til Hollustuverndar ríkisins eigi síðar en 1. mars árið eftir.

5. GJÖLD OG KOSTNAÐUR

- 5.1 Sagaplast ehf. skal greiða Hollustuvernd ríkisins gjald vegna útgáfu og kynningar á starfsleyfi þessu og eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins sem umhverfisráðherra hefur staðfest.

6. GILDISTAKA

- 6.1 Starfsleyfi þetta sem veitt er samkvæmt 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi við að tilkynning um útgáfu þess er birt í B-deild Stjórnartíðinda og gildir það til 1. september 2010.
- 6.2 Starfsleyfi þetta sem gildir fyrir Sagaplast ehf., kt. 611293-2169, er ekki framseljanlegt. Verði aðilaskipti að rekstrinum, þarf nýr rekstraraðili að afla sér starfsleyfis, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Reykjavík, 15. ágúst 2000

**Hollustuvernd ríkisins
mengunarvarnir**

Leifur Eysteinnsson
forstjóri

Davíð Egilson
forstöðumaður
mengunarvarna

Greinargerð með tillögu að starfsleyfi fyrir Sagaplast ehf. vegna reksturs spilliefnamóttöku að Réttarhvammi 3, Akureyri

Inngangur

Móttaka spilliefna hófst hjá Endurvinnslunni hf að Réttarhvammi 3 árið 1994. Núverandi fyrirtæki, Sagaplast ehf., er alfarið í eigu Endurvinnslunnar hf. Fyrirtækið hefur verið rekið í óbreyttri mynd síðan 1994, en umfang rekstrarins hefur aukist. Árið 1995 sem var fyrsta heila starfsár fyrirtækisins var tekið á móti 130 tonnum af spilliefnum, en árið 1999 var magnið 329 tonn. Auk spilliefna tekur fyrirtækið á móti pappír og plasti. Einnig er í sameiginlegu húsnæði rekin móttaka fyrir einnota drykkjarumbúðir af Endurvinnslunni hf.

Fyrirtækið hefur með góðum árangri einbeitt sér að þjónustu við spilliefnamóttökur utan Reykjavíkursvæðisins. Notkun sérstaks búnaðar, sem hannaður var af Endurvinnslunni hf. og notaður er til varðveislu spilliefna á söfnunarstöðvum hefur breiðst út og þjónustar fyrirtækið víða móttökustaði, sækir kör með spilliefnum og flytur þau í sérstökum lokuðum flutningskerum til móttökustöðvar. Fyrirtækið hefur nýverið hannað sérstaka pressu til hreinsunar á olú úr olfúsíum.

Þær breytingar eru gerðar miðað við eldra starfsleyfi að leyfið felur ekki í sér heimild til flutninga á spilliefnum og leyfið nær ekki til spilliefnamóttöku utan aðstöðunnar að Réttarhvammi 3. Starfsleyfi til flutnings á spilliefnum skal aflað með umsókn til Heilbrigðisnefndar norðurlandssvæðis eystra, og sérstaks starfsleyfis vegna spilliefnamóttöku í einstökum sveitarfélögum til viðkomandi heilbrigðisnefndar.

Aðstaða

Móttaka og meðferð spilliefna fer fram í og við vinnslusal fyrirtækisins og á sérstöku plani við hlið húsnæðisins. Á planinu, sem er afgirt, eru þrjár gámar sem notaðir eru til geymslu á spilliefnum sem bíða flutnings til Efnamóttökunnar hf. í Reykjavík. Rafgeymum sem einnig eru geymdir á planinu er skipað beint út til endurvinnslu í Svíþjóð. Frárennsli plansins fer um olúgildru og öryggisþró. Hægt er að loka fyrir frárennslið í neyðartilvikum og er þá rými fyrir um 2 m³ af vökva í þrónum. Niðurfalli í vinnslusal er lokað þegar unnið er með spilliefni.

Ákvæði í starfsleyfistillögum

Í starfsleyfistillögum er gert ráð fyrir móttöku á allt að 500 tonnum af spilliefnum á ári (1.1). Ef Sagaplast ehf. áformar breytingar á rekstri og Hollustuvernd ríkisins metur þær sem umtalsverða breytingu getur það leitt til endurskoðunar á starfsleyfinu (1.7). Skaðleg áhrif á umhverfi eða hætta sem ekki var áður ljós getur einnig leitt til endurskoðunar starfsleyfis (1.9). Lögð er áhersla á að allri meðferð spilliefna sé þannig hagað að þau berist ekki í fráveitu (2.3) og að þau séu geymd og meðhöndluð þannig að loftmengun sé

í lágmarki (2.4). Skilju tengda frárennsli skal tæma a.m.k. einu sinni á ári (2.2). Miða skal reksturinn við að magn spilliefna hjá fyrirtækinu sé haldið í lágmarki (2.6)

Mannlegi þátturinn er einn sá mikilvægasti varðandi mengunarvarnir fyrirtækja. Ákveðin stefna í umhverfismálum, skipuleg vinnubrögð og góð menntun og áhugi starfsmanna eru nauðsynlegur grundvöllur fyrir góðum árangri. Lögð áhersla á menntun starfsmanna (3.3) og að Sagaplast ehf. hafi tiltækar verklýsingar um mikilvægustu þætti starfseminnar (3.1). Einnig er gerð krafa um að fyrirtækið setji sér markmið í umhverfismálum (3.4) og starfi samkvæmt þeim.